



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Tilvísun
H-70
N-100

Til stjórnar Stjarnvísindafélags Íslands
b/t Einars H. Guðmundssonar
Raunvísindastofnun Háskólans
Dunhaga 3
107 Reykjavík

Reykjavík, 27. desember 1990
AG/eg

Ráðuneytið þakkar bréf stjórnar Stjarnvísindafélags Íslands, dags. 19. þ.m., og skýrslu þá er fylgdi um stjarnvísindi á Íslandi.

Leitað hefur verið umsagnar Háskóla Íslands og Vísindaráðs um þær tillögur, sem settar eru fram í bréfinu um eflingu stjarnvísinda innan vébanda Raunvísindastofnunar Háskólans á næstu árum og um undirbúning að aðild Íslendinga að "norræna sjónaukanum".

F. h. r.

14

VÍSINDARÁÐ

BÁRUGÖTU 3 · 101 REYKJAVÍK · SÍMI 91-10233 / 10234 · TELEX 2307 ISINFO IS · TELEFAX 21331 · KENNITALA 520886-1419

Menntamálaráðuneytið
Hr. Árni Gunnarsson, skrifstofustjóri
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

18.10.1991
AB

Málefni: Tillögur um eflingu stjarnvísinda. Tilvísun yðar H-70 / N-100 / V-12

Með bréfi ráðuneytisins frá 27. 12. 1990 er óskað eftir umsögn Vísindaráðs um erindi stjórnar Stjarnvísindafélags Íslands um eflingu stjarnvísinda á Íslandi.

Með bréfi ráðuneytisins fylgdi bréf Stjarnvísindafélags Íslands frá 19.12.1990 og ýtarleg skýrsla stjórnar félagsins með rökstuddum tillögum um eflingu stjarnvísinda hér á landi. Megin tillögur félagsins eru tvær:

1. Á næstu árum verði stofnaðar þrjár nýjar sérfræðingsstöður við Raunvísindastofnun Háskólans, ætlaðar vísindamönnum á sviði stjarnvísinda. jafnframt verði stofnuð ný rannsóknarstofa, stjarnvísindastofa, innan Raunvísindastofnunar. Kostnaður við þessa tillögu er áætlaður 6,6 m. kr á ári.

2. Að Ísland gerist aðili að norræna sjónaukanum innan tveggja til þriggja ára. Árlegur kostnaður Íslendinga vegna þátttöku í þessu norræna verkefni gæti orðið um 500 þ. kr á ári.

Nefnd manna úr Náttúruvísindadeild Vísindaráðs fjallaði um erindið. Helstu niðurstöður athugana Vísindaráðs eru eftirfarandi.

Stjarnvísindi hafa löngum haft nokkra sérstöðu meðal raunvísinda. Þetta er ein elsta fræðigreinin. Hún á rætur í menningu Forn-Grikkja og Kínverja og rannsóknarsviðið spannar veröldina alla, gerð hennar og þróun. Stjarnvísindi hafa því haft mikil áhrif á hugmyndir um stöðu mannsins í tilverunni og mótun heimsmyndar á hverjum tíma og verið í fremstu víglinu í þekkingarleit mannkynsins. Þetta á ekki síður við nú á dögum. Ör þróun í eðlis- og efnafræði og miklar framfarir í tækni undanfarna áratugi hafa leitt til mikilla framfara í stjarnvísindum. Samhliða hafa grundvallarrannsóknir í fræðilegri og tilraunaeðlis- og efnafræði í æ ríkari mæli leitað fanga á sviði stjarnvísinda. Að nokkru leyti má líta á þessar fræðigreinar, sem leita skilnings á innsta eðli náttúrunnar, sem eina heild.

Alkunna er að grunnrannsóknir eru undirstaða hagnýtra rannsókna og tækniþróunar. Grunnrannsóknir og almenn þekkingarleitir skapa það vísindalega andrúmsloft, sem er forsenda þess að önnur hagnýtari rannsóknarstarfsemi geti þrífist. Þetta á einkum við í háskólum, þar sem ungir vísinda- og tæknimenn fá fyrstu þjálfun sína í vísindalegri hugsun.

Vísindaráð telur því nauðsynlegt að grunnrannsóknir eflist við Háskóla Íslands í framtíðinni. Þetta á ekki síst við um raunvísindin og hina mikilvægu grein þeirra, stjarnvísindi. Ljóst er að nú eru tiltækir allmargir Íslendingar, sem eru vel menntaðir á sviði stjarnvísinda og er vel treystandi til að efla fræðasvið sitt verulega hér á landi.

ICELANDIC COUNCIL OF SCIENCE

Hins vegar verður að hafa í huga að Íslendingar geta ekki lagt jafn mikla stund á allar greinar vísinda vegna fæðar sinnar og takmarkaðs fjármagns. Það verður því að velja og hafna í þessum efnum sem öðrum. Val verkefna á sviði grunnvísinda ætti að mótast í fyrsta lagi af yfirvegaðri og meðvitaðri vísindastefnu stjórnvalda og stofnana og í öðru lagi af fjölda og færni þeirra vísindamanna, sem tiltækir eru hverju sinni.

Vísindaráð telur ekki rétt á þessu stigi að gera tillögur um forgangsröð við ráðningu í einstakar stöður á sviði grunnvísinda innan Raunvísindastofnunar Háskólans. Eðlilegt er að stofnunin sjálf móti sér heildarstefnu í þessum málum.

Það er íslenskum vísindamönnum nauðsyn að hafa nána samvinnu við starfsbræður sína í útlöndum til þess að einangrast ekki. Þetta á ekki síst við á sviði grundvallarrannsóknna í eðlis- og efnafræði og í stjarnvísindum, þar sem þróunin er einkar hröð. Í þessum greinum er vart mögulegt að halda við faglegri færni hér á landi nema með náinni samvinnu við erlenda vísindamenn.

Aðild Íslands að norræna sjónaukanum virðist vera kjörið tækifæri til þess að skapa íslenskum stjarnvísindamönnum nauðsynleg tengsl við erlenda starfsbræður sína og aðgang að tækjum og gögnum.

Vísindaráð mælir því með því að ráðuneytið leiti leiða til þess að Íslendingar geti gerst aðilar að norræna sjónaukanum á allra næstu árum.

Virðingarfyllt



Axel Björnsson
framkvæmdastjóri Vísindaráðs

Afrit:
Stjarnvísindafélag Íslands